

# Vinastund á föstudögum kl.9:30

Í vinastund koma allir saman á Ströndinni og syngja saman. Stundin byrjar á því að við syngjum upphafslag,

## **Upphafslag.**

*Góðan dag komdu og syngdu með mér,  
við getum sungið saman og það er voða gaman.  
Nú er kátt á Ströndinni, allir klappa með.*

Hafi einhverjir átt afmæli í vikunni þá er sungið af því tilefni:

**Afmælissöngur í vinastund á Ströndinni** (fyrir öll afmælisbörn vikunnar)

*Þetta er afmælistveðja, þetta er afmælistveðja  
Þetta er afmælistveðja, frá okkur til þín (ykkar).*

Eftir þetta eru sungin ýmis lög sem verið er að syngja í söngstundum á deildum og kaffilestin þulin:

## **Kaffilestin**

*Kaffi, kaffi, kleinur, kleinur,  
matarkex, matarkex, eplasúpa, eplasúpa,  
buff og laukur, buff og laukur,  
fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur,  
súpa (sagt hægt og lágt með vísifingur upp í loft).*

Þá er það kveðjusöngurinn:

**Þakka ykkur fyrir sönginn í dag.**

*Við förum nú að leika, bæði úti og inni.  
Sjáumst hér á Ströndinni næsta föstudag.*

Að lokum eru svo deildarnar sungnar út ein af annarri og fara þá börnin annað hvort út eða inn á deildarnar:

## **Að syngja út**

*.....(Lind, Lækur, Lón) lagði af stað í leiðangur, lipur var ei þeirra fótgangur,  
takturinn fannst þeim heldur tómlegur,  
svo þeir fóru fram í forstofu að klæða sig (svo þeir fóru inn á deildina að leika sér)*